

## Styrkumsóknir til borgarráðs 2018

	Tengiliður	Efni	Dags. bréfs	Sótt um kr.	Sótt um áður	Tillaga að styrk	Málsnúmer
1	Snorri Heimisson	Styrkur til skólahljómsveitar Árbæjar og Holta vegna kostnaðs við gistingu og tónlistariðkun á landsmóti Samtaka íslenskra skólal	15.2.2018	1.500.000	nei	1.500.000	R18030085



Borgarráð  
Ráðhúsi Reykjavíkur

***Beiðni um styrk til að standa straum af kostnaði vegna gistingar og tónlistariðkunar á landsmóti Samtaka ísl.skólalúðrasveita***

Vísað er í erindi frá Samtökum íslenskra skólalúðrasveita frá 19. janúar sl. til SFS um beiðni um styrk til að standa straum af kostnaði vegna gistingar og tónlistariðkunar á landsmóti samtakanna í skólahúsnæði í Breiðholti. Þá er beiðt um styrk til að standa straum af kostnaði vegna sundferða í Breiðholtslaug. Sjá erindið í viðhengi.

ÍTR og SFS hefur tekið málið til meðferðar og mæla með því að borgarráð veiti Samtökunum styrk að fjárhæð 1.500.000 kr. til þess að standa straum af fyrrgreindum kostnaði.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Bréf frá Snorra Heimissyni, Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts, dagsett 19. janúar 2018



Sviðsstjóri SFS,  
Helgi Grímsson

Snorri Heimisson  
stjórnandi Skólahljómsveitar  
Árbæjar og Breiðholts

Reykjavík, 19. janúar 2018

Kæri Helgi.

Samtök íslenskra skólalúðrasveita verða með landsmót skólahljómsveita dagana 27.-29. apríl 2018 í Breiðholti og verður Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts opinber gestgjafi mótsins.

Nú þegar hefur verið tekin frá aðstaða í Hólabrekkuskóla, Fellaskóla, Fjölbrautaskóla Breiðholts, Austurbergi, Gerðubergi, tónskóla Sigursveins og Leiknis heimilinu. Nemendur munu einnig á einhverjum tímapunkti fá að fara í sund í Breiðholtslauginni og munu fararstjórar og stjórnendur fá að nýta sturtuaðstöðuna í sundlauginni.

Gert er ráð fyrir að rúmlega 600 ungmenni af öllu landinu komi á mótið.

Er möguleiki að Reykjavíkurborg geti hlaupið undir bagga með Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts með því að fella niður leigu á því húsnæði Reykjavíkurborgar sem nýtt verður á mótinu og leyfa mótsgestum að fara frítt í sund í Breiðholtslaug?

Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts leggur mikinn metnað í að mótið verði hljómsveitinni og Reykjavíkurborg til sóma. Ljóst er að kostnaður af mótinu verði talsverður og það myndi muna okkur og foreldrafélagi hljómsveitarinnar mjög miklu að fá þennan styrk.

Að lokum langar mig að athuga hvort ég mætti biðja þig um að setja mótið fyrir okkur á opunarathöfn í Austurbergi föstudaginn 27. apríl kl. 20.00.

Með virðingu og vinsemd,

*Snorri Heimisson*  
stjórnandi